

Skólanefndarfundur 13. júní 2022

Fundur settur 13:10 á kaffistofu starfsmanna í FSH.

Mættir: Valgerður Gunnarsdóttir, Halldór Jón Gíslason, Arna Ýr Arnarsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Valdimar Stefánsson (fulltrúi kennara), Egill Olgeirsson, Benóný Valur Jakobsson (Varamaður) og Birgitta Bjarney Svavarsdóttir.

Fjarverandi: Ármann Örn Gunnlaugsson, Kristey Práinsdóttir og Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir.

Dagskrá:

1. Rekstarniðurstaða 2021
2. 5 mánaða uppgjör 2022
3. Nemendatölur fyrir komandi skólaár.
4. 3. hópur nuddnema
5. Nýir starfsmenn
6. Framkvæmdir á vorönn 2023
7. Brautskráning 2022
8. Önnur mál

1. Rekstarniðurstaða 2021.

Ársreikningur 2021 liggur ekki enn fyrir þó liðið sé á júní. Miðað við fyrstu drög af ársreikningi 2021 lokar Framhaldsskólinn á Húsavík árinu 2021 með 7,5 m.kr. halla sem væri tekinn með inn í árið 2022. Gerðar verða athugasemdir við ársreikninginn en sé þetta niðurstaðan er ljóst að halda þarf vel á spöðunum rekstrarárið 2022.

2. Fimm mánaða uppgjör 2022

Miðað við 5 mánaða uppgjör er launakostnaður farinn fram yfir áætlun um 10,5 m.kr. það eru skýringar til á því, launahækkanir og veikindi. Á haustönn liggur fyrir að launakostnaður verði töluvert lægri en á vorönn og útlit fyrir að hallinn jafni sig fyrir árslok.

3. Nemendatölur fyrir komandi skólaár.

18 nemendur hafa sótt um nám í FSH frá Borgarhólsskóla og í heildina eru nemendur við skólann verða 104 á haustönn 2022 eins og staðan er núna, hins vegar segir reynslan okkur það að alltaf bætist í fjarnema ágúst.

4. Þriðji hópur nuddnema

Skoðað var að fara af stað með þriðja hóp nuddnema, eins og er eru 8 umsóknir og því óljóst hvort það verði farið að stað með verklega þáttinn en fjarnámið sem undirbúning fyrir verklega þáttinn verður keyrt áfram fyrir þá nema sem sótt hafa um.

5. Nýir starfsmenn

Auður Jónasdóttir er hætt og Sigurður Narfi verður með yfirumsjón á starfsbrautinni og Arna Þórarins kemur inn sem stuðningsfulltrúi í 40% starfshlutfall.

Gunnar Baldursson er hættur og Eva Margrét Árnadóttir kemur inn í hans stað í 75% starfshlutfall.

6. Framkvæmdir á vorönn 2023

- Núna er verið að skipta um 20 glugga (sumar 2022).

- Stéttin fyrir utan nemendagang verður tekin í gegn og útgangi breytt í tvöfalda hurð í miðjuna sem kemur núna í sumar eða haust 2022.
- Grænt ljós er komið á að taka nemendagang og stofu 7 og 8 (salinn) í löngu tímabæra yfirhalningu á haustönn 2022. Þetta þýðir að kennsla verður færð úr þessum tveim stofum og umgengni að einhverjum hluta skert.

7. Brautskráning

Brautskráning tókst vel, fallegur dagur í alla staði.

Skemmtileg að koma upp í FSH í kaffi eftir brautskráningu, það er vilji fyrir því að koma þessu í hefð.

Hugmynd liggur fyrir að nýta nýja salinn okkar sem verður kominn fyrir næstu brautskráningu, og útisvæðið sem athafnarsvæði fyrir

8. Önnur mál

- Skólanefnd gerði sér ekki glaðan dag á þessu skólaári en stefnt er að því strax á næsta skólaári.
- Skólanefnd gæti komið og tekið þátt í nýnema grilli eða eitthvað slíkt til að tengja sig enn betur skólanum, nemendum og starfseminni.
- +Erasmus umræður.
- Lögregla norðurlands – fræðsla á haustönn 2022 heilan skóladag.
- Starfsmannaferð á austurland á starfsdögum vorannar 2022. Gistum eina nótt á hótél Hallormsstað og ýmislega fleira.
- Kominn tími á námsferð erlendis hjá Framhaldsskólanum á Húsavík.

Fundi slitið 14:30